

Ed.

24. Frumvarp

til laga um sameining Ísafjarðar og Eyrarhrepps.

Flutningsmaður: Magnús Torfason.

1. gr.

Eyrarhreppur og Ísafjörður skulu vera eitt lögsagnarumdæmi og bæjarfjélag og heita Ísafjörður.

2. gr.

Um fjárskifti milli Norður-Ísafjarðarsýslu og hins nýja bæjarfélags fer eftir samningum milli sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu og bæjarstjórnar Ísafjarðar, en farist þeir fyrir, ákveður stjórnarráðið hvernig skifta skuli.

3. gr.

Þeir, sem dvalið hafa í Eyrarhreppi eða á Ísafirði og í hinu nýja bæjarfjélagi samfeld 10 ár samtalin, vinna sjer þar framfærslusveit, ef þeir fullnægja öðrum sveitfestuskilyrðum.

4. gr.

Af kjördæmi Norður-Ísafjarðarsýslu legst Eyrarhreppur við kjördæmi Ísafjarðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1918.

Greinargerð:

Með skírskotun til skjala, er fylgja máli þessu, er tekið fram:

Hinn 15. maím. 1790 voru 400725 ferálnir neðan af Skutilsfjarðareyri lagðar til byggingar Ísafjarðarkaupstaðar. Með reglugjörð 26. janúarm. 1866 var öll Skutilsfjarðareyri lögð undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, en efri hlutinn var þó eins og áður eign prestssetursins. Með samningi 1. febrúar 1870 er kaupstaðnum afhent til eignar öll jörðin Eyri gegn 300 kr. árgjaldi og með samningi 31. maím. 1880 eignast kaupstaðurinn hjáleigu Eyrar, Stekkjanes, gegn 200 kr. árgjaldi. Árið 1896 kaupir Ísafjörður loks jörðina Seljaland og á hann þá land vestan Skutilsfjarðar, alt sem byggilegt er, inn í fjarðarbotn, að Langárósi innan Seljalandsbæjar.

Með lögum um bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, 8. okt. 1883, eru Eyri og Stekkjanes lagðar undir lögsagnarumdæmið.

Af þessu má sjá, að jarðeign bæjarins og umdæmi hans hefir smátt og smátt aukist eftir brýnustu þörfum, sem og að umdæmið hefir ekkert aukist síðan 1883 og ábúðin sama og fyrir 20 árum.

Síðustu árin hefir verið unnið að því að undirbúa rafveitu fyrir bæinn. Afsvaka hennar átti að ná úr fossum í Eyrarhreppi og voru talsverðir atburðir hafðir til þess, en samningar um fossafl, þrátt fyrir eftirleitanir, eigi náðst, enda svo um hnútana búíð, að Eyrarhreppur hafði trygt sjer forrjett til þess vatnsafls, er helst var viðlit að nota. Út af þessu var á síðasta hausti reynt að ná samkomulagi við hreppsnefnd Eyrarhrepps um kaup og not fossaflsins, en árangurslausf og Eyrarhreppur síðan keypt fossaflíð háu verði.

Er rætt var um fossaflíð var það bert, að *enginn* hreppsnefndarmanna Eyrarhrepps vildi að svo búnu unna bænum kaupa á fossaflinu. Hins vegar var það af sumum hreppsnefndarmönnum látið uppi í umræðum þess máls, að eigi mundi fyrirstaða á því, að bærinn fengi að njóta fossaflsins í samnotum við Eyrarhrepp ef bænum og hreppnum yrði steypf saman.

Varð þetta til þess, að þessi hugmynd, sem á hafði brytt í tali hrepps-búa og bæjarmanna um alllangt áraskeið, var gerð að álitamáli og tókust svo vonum bráðar samningar um það, eins og skjöl þessa máls bera með sjer.

Skutilsfjörður með Hnífsdal hefir framan úr öldum verið einn hreppur, alt til 1866 að bærinn fjekk kaupstaðarrjettindi og sleit af sjer hreppsböndin. Var þá í máli haft, að það væri sakir breyttra þarfa bæjarins, en hitt rjeð eigi síður, að aðalgjaldendur bæjarins þóttust sjá í hendi, eins og raun varð á, að á-lögur þeirra mundu verða miklum mun minni ef bærinn yrði út af fyrir sig — burðarþolið svo mikið að tiltölu við íbúatöluna.

Á meðan bærinn var á barnsaldri og þroski hans eigi teljandi, gat vel á þessu farið, hvor gat búíð að sínu og hreppurinn þurfti eigi frammar til bæjarins að sækja en nágrannahrepparnir, enda hafði ekki verulegt gagn af bænum öðrum hreppum fremur.

En eftir því sem bænum óx fiskur um hrygg varð það ljóst, að hvor þurfti á öðrum að halda og að gagn beggja fór meir og meir saman. Skal að þessu nokkuð vikið.

1. Mjólki.

Nú er svo komið, að Ísafjörður er orðinn Eyrarhreppi betri markaður en nokkur annar bær hjerlendur sínu umhverfi og fer það að likindum, þar sem kýr þær, er bærinn nýtur, eru tiltölulega sárafáar. Hins vegar stendur bænum beinn voði af slíkri mjólkursveltu, því hún hlýtur bæði að hafa í för með sjer heilsutjón og barnadauða. Er honum því einn nauðugur að gera allar þær ráðstafanir, sem tæki eru á, til að afla sjer mjólkur. Verður þá fyrst fyrir að gera hrepps-búum tækt að flytja þá mjólk til bæjarins, sem nú fæst þar, gjöra þar akfært og setja á dagferju um Sundið. Þá verður bærinn að styðja að því öllum árum að auka grasrækt í firðinum, þar sem bærinn á ekkert land aflögum til þess, en að því styður sameiningin mjög. Er reynsla fyrir því, að grasrækt kring um kaupstaði fer mjög hægfara þrátt fyrir hátt mjólkurverð, þegar er kemur út fyrir þinghá þeirra, en það stafar meðal annars af því, að ábúendur vantar afl til slíkra framkvæmda, en bæjarbúum mörgum viðurstygd að leggja fje til jarðabóta í öðrum hreppum og taka þungar álögur fyrir, eins og við hefir brunnið. Og sama gildir um væntanlega atburði bæjarfjelaga til kúabúsrekstrar utan þeirra endimarka.

2. Vatnsafl.

Eins og drepið er á í öðru sambandi, stendur fyrir dyrum að koma upp raflýsingu fyrir Ísafjörð og Hnífsdal og er ætlast til að Innfirðingar njóti hennar, eftir því sem við verður komið. Auk þess sem öll tormerki eru á því, að bærinn nái vatnsaflinu fyr en samsteypan er á komin, er á það að líta, að til þess að koma vjelunum að aflstöðinni er óhjákvæmilegt að leggja akveg eftir endilöngum Engidal, að margir og miklir þverbrestir hljóta að verða á undirbúningi og rekstri rafveitunnar í höndum tveggja sveitarfélaga og að Ísafjörður að sjálfsogðu kynokar sjer við að leggja fram fje til svo afardýrrar stofnunar í annari sveit.

3. Höfnin.

Af öðru frumvarpi má sjá, að kaupstaðurinn hefir nú þegar tekið allvæna spildu af hreppnum til verzlunarlóða. Af nothæfri lóð til verslunar er þá að eins eftir í hreppnum svokölluð Skipeyri, inst á Pollinum, og má búast við að þar rísi upp eigi alllitill síldarútvegur. Sakir tolleftirlits er full nauðsyn á, að sú útgerð komist undir beina umsjón lögreglustjóra og getur aldrei verið nein skynsemd í að tvískifta höfninni.

Hnífsdalur og Arnardalur hafa lengi verið vildarverstöðvar, en frá Ísafirði tiltölulega mjög litil sjósókn nema á þilskipum. Nú er orðin gagngerð breyting á þessu. Frá Arnardal ganga nú að eins fáeinir smábátar fram eftir sumrum og sýnilegt, að útveg Hnífsdæla er ekki þroskavon. Orsakir til þessa er langræðið, sem nú er orðið, og að smærri bifbátar, sem þar geta hafst við, hljóta að eiga afarerfitt uppdráttar við hlið hins mikla bifskipaflota Ísafjarðar, er sótt getur afla, hvar sem er frá landinu og hagnýtt sjer hinar ótæmandi síldargöngur Vestfjarða. Sjást þess og glögg merki, að hugur Hnífsdæla er óðum að hverfa frá smærri útgerð að stórúngerðum, enda farnir að gera út bifskip frá Ísafirði.

Af þessum rökum er runnið, að Hnífsdælir hafa eigi síður en Ísfirðingar hug á, að nauðsynlegar hafnarbætur komist þar á og að þeim skilst svo ofboð vel, hve mjög samsteypan hrindir því máli á leið.

4. Aukið starfsvið.

Með samsteypunni rýmkar mjög um starfsvið Skutilsfirðinga; þeir geta allir óáreittir og með fullum sambug beitt sjer fyrir framkvæmdum, er til hags og heilla horfa fyrir allan fjörðinn, og atvinnufrelsi þeirra rýmkar að sama skapi og þar með samvinna manna á milli og mundi það drýgst draga.

Af öllu þessu er auðsætt, að sammál fjarðarins eru bæði mörg og mikilsverð og yfrið nóg til að vekja þann samhug, sem er nauðsynleg undirstaða alls fjelagsskapar, og munu þó fleiri, er árin líða. Svo er og ekkert eðlilegra en að allur fjörðurinn njóti þess arðs og þeirra hlunninda, er fjelagsskapurinn einn skapar, en hins vegar með öllu ranglátt, að neinn hluti hans taki þar hlut á þurru landi án tilverknaðar, og þá síst að hann neyti sjerstöðu sinnar, framsókn og hagsmunum heildarinnar til fyrirstöðu.

Það hefir verið stutt á það, samsteypunni til foráttu, að bærinn hafi ýms sjerfél, sem óeðlilegt sje, að hreppsþúar beri þungann af. Þau fél, sem um gæti verið að ræða og máli skifta, voru brunamál, vegamál bæjarins og vatnsveita. Af brunamálum verður tæpast neinn stórkostnaður; vegakostnaður hreppsins verður sennilega aldrei minni en kostnaður af götum bæjarins og vatnsveitan er bænum sem stendur mjög lítil þyrði, en verði verulegu fje til hennar varið, er hægurinn hjá að leggja vatnsskatt á bæjarmenn ef því þætti taka, þar sem vatns-taka skipa gefur talsvert í aðra hönd.

Hins vegar líka á það að líta, að aðalgjaldþol sveitarfélagsins verður ætið í bænum og að hann á stóreignir, er bera meiri og meiri arð með ári hverju.

Skutilsfjörður hefir lengi verið ein sókn og legið til Eyrar. Það er því hvorttveggja, að fjörðurinn er skapaður til að vera eitt félag og ein heild og að Ísafjörður er kjörin miðstöð hans, því til hans liggja þar *allar* leiðir — svo dásamlega er honum í sveit komið.

Eins og lög gera ráð fyrir, hefir fél þetta verið lagt undir álit sýslu-nefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu. Frekari afskifti af máli þessu bera sýslu-nefndinni ekki; tilgangurinn sýnilega sá, að nefndinni gefist kostur á að gæta hagsmuna sýslunnar og til þess hefir hún haft fult færi.

Út af álitinu meiri hluta nefndar þeirrar, er sett var í málið, skal tekið fram, að fylgið með samsteypunni er afarmikið, þegar þess er gætt, að atkvæðagreiðslan fór fram að vetrarlagi, að hreppsnefnd hefir sakir sinnuleysis um sveitamál verið kosin af örfáum mönnum næst þingstaðnum, að eigi getur komið til mála, að sá litli hluti hreppsins, er andvígur var samsteypunni, geti orðið hreppur út af fyrir sig, að gjaldþol Norðursýslunnar stórbatnar við að losna algerlega við sýslu-vegabyrðina í Eyrarhreppi og loks að mjer vitanlega liggja eigi fyrir nein framfaramál, er sýslan ætlar að heita sjer fyrir, önnur en þau, er sameiginleg eru með Ísafirði og eigi verður til vegar hrundið án þátttöku bæjarins.

Hjer að framan hefir aðeins verið gerð grein fyrir, hvernig samsteypa liggur nú fyrir, en hitt er eigi að efa, að bygðin hefir haft svo mikið tjón af því, að henni nokkru sinni var skift, að eigi verður tölum talið, og að það tjón vex hraðfetur með degi hverjum meðan ekki er að gert. —

Með 4. gr. frumvarps þessa er breytt lögum um kjördæmaskipun, 6. nóv. 1902 og 3. okt. 1903.